

# Magnús á Kjarvalsstöðum

I tilefni af Listahátíð '82, voru þrjár sýningar opnaðar að Kjarvalsstöðum. Þær eru „Hönnun '82“ og tvær myndlistarsýningar, „Sýniljóð II og Skúlptúr“ eftir Magnús Tómasson og „Af trönum Kjarvals“, sem Gylfi Gíslason myndlistarmaður hefur sett upp í Kjarvalssal.

Sýningunni er skipt í þrjá hluta: „Sýniljóð II“, „Agrip af sögu flugsins“ og „Skúlptúra“, en þó eru sterk tengsl milli hluta og flæða þeir oft hver í annars farveg.

„Sýniljóð I“ sýndi Magnús í Galleri Súm, árið 1977. Það eru því bein tengsl milli þeirrar sýningar og „Sýniljóð II“, sem

teikningar „Morgunn úr lífi Midasar“, best heppnuðu verk Magnúsar í þessum syrum. Þar tekst honum best að tengja klassíska goðsögn við nútímann.

Einnig koma við sögu í verkum Magnúsar Próméþeifur og feðgarnir Daidalos og Íkarus, en þeir síðarnefndu tengjast svo „Sögu flugsins“.

Í pappírslágmyndunum, má finna skyldar tilvitnanir í klassískar bókmenntir. Aberandi best er „Hagnýt bibliúsaga“ (nr. 8), sem snýst um byggbrauðin 5 og smáfiskana tvo og mett gátu 5000 menn, voru þó 12 körfur af brauði afgang. Pappírþrykkið er greinilega unnið úr gifsskúlptúrnum (nr. 74), sem snýst um sama þema.

„Agrip af sögu flugsins“ eru flóknustu verk Magnúsar og jafnframt endapunkturinn á þessari yfirgrípsmiklu sýningu. Þau eru ljóðræn tileinkun til allra þeirra sem koma við sögu flugsins, allt frá Cyrano de Bergerac til MacCreedy's sem „fyrstur flaug fyrir eigin vöðvaflí“.

Þetta eru safnmyndir af smáhlutum, uppstoppuðum fuglum, bjöllum og leuburblökum ásamt öðrum fingerðum konstrúsjönnum. Segja má að hér vinni Magnús eins og skurdlæknir eða úrsmíður, enda verður útkoman há-fagurfræðileg. Það er ótrúlega löng leið frá „Sögu flugsins“ (16 hlutum, nr. 55) til upphafsins í verkum á borð við „Flug-vél“ (nr. 76) og „Minnismerki um Íkarus“ (nr. 81), en þau eru gerð um 10 árum fyrr, í byrjun 8. áratugarins.

Með þessari sýningu skýrist mjög staða Magnúsar sem myndlistarmanns. Raunar eiga

hugmyndir hans margt sameiginlegt með húmorískum surrealisma Ernst og Magritte, meira en með poppurum og concept-listamönnum Súm-tímabilsins. Verk hans standa og fella með handbragðinu, fremur en hugmyndinni. Magnús tekur ideuna og finþússar, vinnur og endurvinnur og slípar af alla vankanta, þar til allir lausir endar eru bundnir. Hugmyndin varðveitist, en í sóttreinsaðri mynd líkt og heili í formalínkrukku uppi á hillu. Heilinn varðveitist sem nýr, en frumurnar eru löngu hættar að starfa.

Þannig hefur Magnús unnið sig hægt og bitandi gegnum vissar grunnhugmyndir síðustu 10 ára, þar til lengra verður ekki haldið. Hann hefur gengið af þeim dauðum með handverki sínu. Eftir stendur listamaðurinn og ef marka má viðtal við hann í útvarpinu, er hann reiðubúinn að halda út í nýjar orrustur.

*Myndlist*

eftir Halldór Björn Runólfsson



Að þessu sinni verður fjallað um sýningu Magnúsar. Sýning hans er víðamikil og fyllir alla ganga safnsins. Á henni eru rúmlega 80 verk, sem mörg hver eru í fleiri hlutum, nokkurs konar seríur eða myndraðir. Þetta er væntanlega sú stærsta sýning sem hann hefur haldið hér og má með nokkrum sanni segja að þetta sé yfirlitssýning yfir þróun listamannsins, síðastliðin 10 ár.


Þó er lungan úr sýningunni að rekja til þeirra starfslauna sem hann fékk frá Borginni og með þeim gat hann unnið óskiptur að list sinni í eitt ár. Grunnhugmyndirnar eru þó miklu eldri, eða allt frá árinu 1967 og má finna nokkur verk frá því snemma á síðasta áratug, sem tengjast seinni tíma verkum Magnúsar.

hann sýnir nú. Um þessi verk segir Magnús, að þau séu myndræn ljóð og ljóðrænar myndir, eða of ófullburða til að vera myndir, eða ljóð.

Magnús kafar í klassískar heimildir og dregur upp goðsagnir af hellenskum uppruna. Um þessar heimildir spinnur hann svo myndraðir sínar, setur goðsagnirnar í nútímalegt samhengi, til að áhorfandinn nálgist þær betur og skynji þær sem part af eigin tilveru. Allt er þetta umvafið myndni, sem er Magnúsi í blóð borin. Herostratos brennuvargur frá Efesos (sem sjálfur var dæmdur á bálid, eftir að hafa brennt Artemis-arkhófið til grunna), gengur ljósum logum í gifsmyndum og teikningum Magnúsar.

Eins er um Midas konung í Frýgíu, en allt varð að gulli sem hann snerti. Kannski eru þrjár

Sýning Magnúsar Tómassonar að Kjarvalsstöðum — verk Magnúsar standa og falla með handbragðinu, fremur en hugmyndinni, segir Halldór Björn m.a. í pistil sínum.



# Hin eilífa æska Blakeys

„Ég var svei mér heppinn að vera í sparifötunum annars er ekki að vita hvað hefði orðið um mig þegar þrúðbúnir boðberar Blakeys flettu upp í Golson undir lokin. Þetta var nú meira jazzbandið.“

Jón Múli eftir Blakey tónleikana í Háskólabíó.

*Jazz*

eftir Vernharð Linnét



Það er hver Silkitromman annarri betri í júnímánuði í Reykjavík og þegar Art Blakey settist við húðirnar á sviði Háskólabíós var ekki að sjá á honum að hann hefði verið á stanslausu hljótleikaferðalagi sl. tíu vikur og aldrei leikið í sömu borginni tvö kvöld í röð. Hann virtist meira að segja enn yngri en þegar hann lék í Austurbæjarbíói fyrir þremur árum. Ungsveinarnir hans voru mun elli-gri en meistarinn, a.m.k. preytulegri nema bassaleikarinn Fambrough sem er vanur ferðavolkinu.

týna tölunni og síðast féll í valinn einkavinur Blakeys, meistarari Monk. „Hann var flestum mönnum blíðari og tilfinninganæmari, en fáir skildu hann eða þekktu. Síðast er ég hitti hann lífs, lá hann undir súrefnistjaldi í móki. Mér varð svo mikið um að ég svipti tjaldinu frá, hristi hann og æpti: „If yo'die I will kill yo'“

Og Blakey þandi skinnin og blásararnir og strengirnir tóku undir og stærsta litla hljómsveit í heimi var komin í gang. Brátt rauk þreytan úr ungum líkómum drengjanna, og þeir

léku hvern frumsaminn ópusinn af öðrum Kjartansson og Ramseye stilltu hljóðið og áðuren John pianisti O'Neil var skilinn einn eftir á sviðinu var gamla góða en þó nýja Blakeybopið komið að suðupunkti. Hafi O'Neil verið dálítið svekktur yfir að missa af heimsmeistarakeppninni í boxi þetta kvöld var hann ábyggilega búinn að gleyma því þegar hann hóf forleikinn að Whom Can I Turn To og Petersonsk sveiflan fyllti salinn og þegar Blakey og Fambrough gáfu rýpmanum nýtt líf, tvílefdist kappinn.

Eftir hlé sauð svo uppúr djasskötunum og þegar Blús marsinn hans Golsons hljómaði í lokin ætlaði allt um koll að keyra í salnum. Það var klappað og stappað og Blakey kom fram og sagði frá ferðavolki piltanna, en þegar hann leit sveifluendinn í augum mannfjöldans kallaði hann í þá og þeir léku aukalag. Moanin' eftir Bobby Timmons. Það gerðu þeir líka 79.

Þessir tónleikar voru að mörgu leyti ólíkir tónleikumum 1979. Nú voru færri standardar á efnisskránni og flest verkin eftir drengina. Blakey staðnar aldrei. „Þegar strákarnir mínir segja: „Blakey ertu orðinn latur að æfa“, segi ég: „Svona strákar látiði mig sjá verkin ykkar,“ og við æfum þau!“

Að sjálfsögðu er þetta band engin bylting frá 79 bandinu, en mun ferskara að mínu mati.

Saxistarnir Bill Pierce tenoristi og Donald Harrison altisti blésu í gamla andanum. Pierce er af Dexterskólanum með Coltrane-ívaði og Donald Harrison léttavantgarður. Pierce hefur leikið með Blakey á annað ár en Harrison aðeins í fjóra mánuði. Hann á því framtíðina fyrir sér pilturinn. „Ég var bara noboddy áðuren ég kom til Blakeys.“

Pianistinn O'Neil er sjálfmenntaður og lék með kvartett Milt Jacksons áðuren hann kom til Blakeys. Hann er hæfileikaríkur pianisti en hefur enn ekki tekist að skapa sér sjálfstæðan stíl, er í einhverskonar sjálfheldu milli Oscar Petersons og McCoy Tyner. En aldurinn þvælist ekki fyrir honum svo hann þarf ekkert að örvænta. Bassaleikarinn Charles Fambrough varð þekktur er hann lék með McCoy Tyner. Hann er kraftmikill rýpmaileikari og sólóisti ágætur, en það getur verið erfitt að leika bassasólóa á sviði þar sem NHOP er öllum í fersku minni.

Þá er að geta trompetleikarans Perenc Blanchard. Hann er aðeins átján ára gamall og óhætt að segja að hann hafi töfrad alla sem hlýddu á hann þetta kvöld. Hann hefur aðeins verið þrjú mánuði í Blakeybandinu en lék áður á annað ár með Lionel Hampton: „Það var góður skóli að vera í Hamptonbandinu en

maður fékk ekki mörg tækifæri til að sólóa. Í mesta lagi einu sinni á kvöldi. Art Blakey er öðruvísi. Hann hvetur okkur piltana, og nær því besta fram hjá hverjum okkar.“ Aðheyrt var að pilturinn hafði hlustað á Davis einsog allir aðrir, en einnig þóttist ég greina dálítinn Clark Terry í leik hans. „Ég er enn að læra og höfuðþátturinn er að hlusta. Ég er fæddur í New Orleans og Louis Armstrong hefur alla tíð verið mér kær. Að sjálfsögðu hef ég hlustað á Miles Davis baki brotnu. Hver gerir það ekki? Einnig Clifford Brown, Lee Morgan, Clark Terry, og fleiri slíka. Ég er ekkert farinn að þæla í yngri stefnum enn. Fyrst er að ná valdi á undirstöðunni!“

Þessi drengur veit hvað hann vill og stefnir markvisst að glæstum árangri í list sinni. Og eitt er víst, að piltur sem hefur náð jafn persónulegum stíl innan jafn gamals listforms og harðbopið er, á eftir að gera enn stórbrotnari hluti þegar hann fer að móta sína eigin tónlist í eigin hljómsveit.

Gamli maðurinn var samt upphaf og endir alls. Enn einu sinni sannaði hann okkur hvernig magnþrungin persónuleiki mikils listamanns gerir allt nýtt og ferskt hversu oft sem það hefur verið leikið.

Slíkt er aðeins á færi snillinganna.



Meistari Blakey og félagar í ham í Háskólabíói — gamli maðurinn var upphaf og endir alls, segir Vernharður m.a. í umsögn sinni. Myndir: Valdís

